



SÁLF2IN05(1)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almenn sálfræði
Námsáætlun

Vorönn 2026

Kennari:	Erla Brimdís Birgisdóttir (EBB) erla@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Áfanginn er kynning á sálfræði, nokkrum helstu undirgreinum hennar og aðferðum sálfræðinnar. Undirgreinar sem kynna má eru hugfræði, atferlisfræði, lífeðlisleg sálfræði, persónuleikasálfræði, félagssálfræði, þroskasálfræði, afbrigðasálfræði, dularsálfræði og tilraunasálfræði. Nemendur skulu kynnast fræðilegum og hagnýtum aðferðum sálfræðinnar; aðferðum við rannsóknir, skrifum og birtingu rannsóknarskýrsla, sálfræðimeðferð og -ráðgjöf og hvernig einstaklingur getur beitt aðferðum sálfræðinnar fyrir sjálfan sig. Setja skal efni og aðferðir í samhengi við nútíma samfélag bæði það sem er að gerast innan sálfræðinnar og sýna hvernig sálfræðin kemur daglegu lífi við.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þróun sálfræði og tengslum við aðrar fræðigreinar
- grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði
- leiðum sálfræði til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar einstaklinga
- helstu tegundum náms og algengustu námsörðugleikum
- helstu rannsóknaraðferðum í sálfræði og hagnýtu gildi sálfræðinnar

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina
- beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skilmerkilegan hátt
- skoða eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- tjá þekkingu sína munnlega og skriflega

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis
- gera sér grein fyrir samspili hugsunar, tilfinninga og hegðunar
- tjá sig skipulega um einstaka efnisþætti á gagnrýnin hátt
- geta greint mikilvægi upplýsinga og hagnýtt sér þær.
- geta gert einfalda rannsókn og skilið og greint frá niðurstöðum á skilmerkilegan hátt

Námsefni:

- *Inngangur að sálfræði* eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttir.
- ljósrít,
- annað efni sem að kennari bendir á,
- gögn á netinu o.fl.,

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
3	8. – 16. janúar	- Kennsla hefst - Námsáætlun áfangans kynnt - 1. kafli – Hvað er sálfræði?	<u>Tímaverkefni</u>
4	19. - 23. janúar	- 2. kafli – Þróun greinarinnar	<u>Tímaverkefni</u> <u>Power-point verkefni</u>
5 - 7	26. janúar - 13. febrúar	- 3. kafli – Ólíkar stefnur - Annað efni frá kennara	<u>Podcast-verkefni</u> <u>1. próf</u>
8 - 9	16. feb - 27. feb	- 4. kafli - Námssálfræði - Annað aukaefni frá kennara <u>Miðannarmat lokaskil 20.febrúar.</u> <u>Vorfrí 23. – 24. febrúar.</u> <u>Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>Heimildaritgerð/verkefni</u>
10 - 11	2. mars – 13. mars	- 5. kafli – Hugræn sálfræði <u>Áfangamessa 4. mars</u> <u>Valdagur 11. mars</u>	<u>Verkefnavinna</u> Skrap/sjúkrapróf í seinni tímanum í vikunni
12 - 13	16. mars – 27. mars	- 6. Kafli – Rannsóknir í sálfræði <u>Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>PPT – verkefni</u> <u>2. próf</u>

14 - 16	30. mars – 17. apríl	- 7. kafli – Samskipti, sambönd ofl. <u>1. – 6. apríl – Páskafrí</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>Sambönd-verkefni</u>
17 - 19	17. apríl – 8. maí	- Geðraskanir - Persónuleikaverkefni - Annað efni <u>23. apríl Sumardagurinn fyrsti</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>Lokaverkefni lagt fyrir</u> <u>3. próf</u>
20 - 21	11. maí - 13. maí	- Vinna í lokaverkefni - Síðasti kennsludagur 13. maí	<u>Skráp/Sjúkrapróf</u> <u>Skil á lokaverkefni</u>

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka öll **3** aðalpróf hans og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá, þó hvetur kennari hvetur nemendur til að vera í sambandi við sig ef eitthvað kemur uppá.

Við alla vinnu skulu nemendur tala við kennara ef þeir ætla að nýta **gervigreind** í verkefnavinnu.

1. Í fyrsta lagi þarf að vísa í gervigreindina sem heimild, alveg sama hversu lítið verkefnið er. Ef hún er notuð þarf að vísa í hana.
2. Það þarf að fylgja með skjáskot af bæði spurningunni sem gervigreindin fékk, svarinu sem nemandi fékk og svo í framhaldi textann sem nemandi vann upp úr svarinu.
3. Kennari áskilur sér rétt til að óska eftir munnlegri skýringu frá nemanda ef notkun gervigreindar stenst ekki þessi viðmið.
4. Kennari áskilur sér líka rétt til að draga niður fyrir verkefnaskil þar sem grunur er á notkun gervigreindar en ekki farið eftir þessum viðmiðum.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	3. kaflapróf á önninni	35%
Verkefnamappa	Tímaverkefni, podcast verkefni, hópverkefni í tíma	35%
Verkefni	Heimildaverkefni/ upptaka – skilað á TurnItin	15%
Verkefni	Lokaverkefni	10%
Ástundun	Virkni, mæting og þátttaka	5%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og í Innu. Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.